

Til athugunar fyrir starfsfólk leikskóla

áður en barni á aldrinum 2 - 3 ára er vísað til málfragslegrar athugunar

Nafn barns: _____ Kt. _____
Leikskóli: _____ Útfyllt af: _____

Þegar grunur vaknar um málþroskaröskun fylgist þá með barninu í a.m.k. fjórar vikur í eftirtöldum athöfnum og skoðið hvernig málnotkun er þar:

- Í leik við jafnaldra.
- Í samræðum við fullorðna.
- Í samræðum/samskiptum við jafnaldra.
- Við hlustun á sögu.
- Við svörun á spurningum.

Skriðið stutta lýsingu á frammistöðu barnsins við þessar aðstæður.

Undirstrikið það sem getur átt við barnið:

Tíðar eyrnabólgur ♦ varanleg heyrnarskerðing ♦ þroskaröskun ♦ veikindasaga ♦ áföll (líkamleg eða andleg) ♦ mörg tungumál í gangi í nánasta umhverfi ♦ ættarsaga um málþroskaröskun og/eða leshömlun ♦ vanörvun varðandi mál, tal og lestur.

2 - 3 ára börn

Þegar allt er í lagi með mál og tal getur barnið eftirtalin atriði:

- Barnið skilur merkingarmun orða („fara-koma“, „inn-út“, „stór-lítill“, „upp-niður“).
- Barnið fer eftir tvöföldum skilaboðum („Náðu í bókina og láttu hana á borðið.“).
- Barnið talar um það sem það gerir í leikskólanum og með leikfélögum sínum.
- Ókunnugir skilja þokkalega það sem barnið segir.
- Barnið notar setningar sem eru allt að þremur orðum eða fleiri.
- Barnið talar venjulega reiprennandi án þess að endurtaka orð eða orðhluta.
- Framburðarþróun er stutt á veg komin.

Hvenær er ástæða til að hafa áhyggjur?

Áður en 2ja-3ja ára barni er vísað til málfragslegrar athugunar er lagt til að búið verði að leggja málþroskaprófið Orðaskil fyrir móður þess eða föður og Smábarnalistann. Ef niðurstöður eru >1.5 staðalfrávik neðan meðaltals og merkt er við eitthvað af eftirfarandi atriðum er ástæða til að vísa barninu.

Málskilningur - máltjáning

Ef barnið:

- skilur ekki einföld boð eða spurningar: „hvar er mamma?“ „Má ekki.“ „Náðu í skóna þína.“ „Eigum við að lesa bók?“
- notar örfá orð
- notar engin orð

- reynir ekki að tjá sig með orðum, heldur bendir, togar og/eða grætur til að fá það sem það vill
- notar sömu hljóðakeðju yfir alla hluti (t.d. ba ba)
- hlustar ekki þegar talað er til þess
- reynir ekki að herma eftir orð
- hefur lítinn áhuga á samskiptum við fullorðna eða börn
- Ef mikill munur á málllegri og verklegri getu barnsins (dundar vel í athöfnum þar sem ekki reynir á mál, en óróleiki, spennu og úthaldsleysi gjósa upp þegar um málkröfur er að ræða).

Aðrar athugasemdir sem óskað er að koma á framfæri:
